

Garðabær, 28. febrúar 2024

Kæru foreldrar og forráðafólk,

Hér fyrir neðan má finna gagnlegar upplýsingar varðandi innritun barna í leikskóla í Garðabæ, leikskólakerfið Völu og biðlistagreiðslur.

Margt er að gerast í leikskólaumhverfinu í Garðabæ og starfsumhverfi starfsfólks og barna að taka jákvæðum breytingum. Breytingar á starfsumhverfi leikskóla í Garðabæ taka gildi um næstu mánaðamót. Hægt er að kynna sér þær hér: <https://www.gardabaer.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/leikskolar/spurt-og-svarad-um-leikskolamal/>

Mönnun leikskóla hefur reynst Garðabæ, líkt og öðrum sveitarfélögum, krefjandi verkefni. Í vetur hefur af þessum ástæðum gengið verr að innrita börn en vonir stóðu til síðasta haust. Staðan í dag er sú að við eigum ríflega 80 leikskólaláss sem ekki eru nýtt vegna manneklu en það horfir til betri vegar.

Með breyttu starfsumhverfi leikskóla er markmiðið að efla starfsmannahópinn og stuðla að stöðugra leikskólaumhverfi þar sem gæði starfsins eru í fyrirrúmi.

Vala leikskólakerfi

Garðabær hefur nýverið tekið upp nýtt leikskólakerfi, Völu. Vala leikskóli býður upp á þjónustugátt fyrir foreldra og forráðafólk og samtímis er það þjónustu- og samskiptaapp (smáforrit).

Börn sem eiga umsókn um dvöl í leikskóla

Til að tryggja að umsóknir allra séu réttar eftir yfirfærslu í nýtt kerfi er mikilvægt að fara inn á Völu og yfirfara umsóknina.

Skráð er inn með rafrænum skilríkjum á umsokn.vala.is

Hafa þarf í huga að val á leikskólum og allar aðrar upplýsingar séu réttar í umsókninni.

Starfsfólk leikskólanna og/eða þjónustuværs Garðabæjar hefur fengið þjálfun í notkun Völu og eru þau reiðubúin til að aðstoða foreldra og forráðafólk.

Nánari leiðbeiningar fyrir Völu má finna hér á vef Garðabæjar:

<https://www.gardabaer.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/leikskolar/vala-leikskolakerfi/>

Upplýsingar um stöðu innritunar í leikskóla Garðabæjar

Innritun barna í leikskóla Garðabæjar á vorönn stendur yfir og munar miklu um nýtt húsnæði heilsuleikskólans Urriðabóls við Holtsgveg og fjölgun á leikskóladeild Urriðaholtsskóla.

Innritun fer fram miðlægt hjá fræðsluviði Garðabæjar í samvinnu við leikskólastjóra og gildir fyrir alla leikskóla í Garðabæ, bæjarrekna og einkarekna. Leikskólastjórar bjóða foreldrum pláss og hafa foreldrar afmarkaðan tíma til að þiggja eða afþakka leikskóladvöl.

Þau börn sem þegar eru á biðlista með lögheimili í Garðabæ fá úthlutað leikskólaplássum eftir gildandi reglum um innritun barna í leikskóla. Hér má finna innritunarreglurnar: <https://www.gardabaer.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/leikskolar/innritunarreglur/>

Verið er að yfirfara reglur um innritun og þar er meðal annars lagt til að skilyrði fyrir úthlutun á plássi í leikskóla verði að **barn hafi lögheimili og búsetu í Garðabæ**. Undantekning getur t.d. verið fyrir börn með skipta búsetu samkvæmt samningi foreldra.

Með breyttu starfsfumhverfi leikskólanna er mörkuð leiðin að fjölgun starfsfólks þannig að allir leikskólar verði fullmannaðir. Gert er ráð fyrir að öll börn sem orðin eru eins árs þann 15. ágúst þegar nýtt skólaár hefst eigi kost á leikskóladvöl.

Sínnritun á sér stað allt árið af virkum biðlista (börn eins árs og eldri) í laus pláss í leikskólum. Í mars munu leikskólar bjóða börnum af virkum biðlista þau pláss sem standa til boða samkvæmt aldri, börnum fæddum 2022 og eldri. Fjöldinn mun ráðast af því hvernig gengur að manna leikskólana.

Framkvæmd úthlutunar fyrir næsta skólaár 2024/2025:

- Fyrsta úthlutun 4.-11. apríl: Leikskólar bjóða áfram börnum fæddum 2022 og fyrr leikskólapláss og börnum fæddum á fyrstu mánuðum ársins 2023 frá og með næsta skólaári. Í þessari úthlutun er einnig horft til barna með beiðni um flutning milli leikskóla.
- Önnur úthlutun 7.-14. maí: Leikskólar bjóða börnum fæddum í ágúst 2023 og fyrr leikskólapláss frá hausti.
- Þriðja úthlutun í ágúst: Leikskólar bjóða börnum af virkum biðlista þau pláss sem standa til boða, þ.e. börnum fæddum fyrir ágúst 2023 sem hafa komið síðar inn á biðlista og börnum sem fædd eru á seinni hluta ársins 2023.

Vert er að taka fram að ráðningarmál eru á jákvæðri leið. Þegar starfsfólk er ráðið til leikskólanna er boðið upp á leikskólavist samkvæmt innritunarreglum. Um er að ræða 80 pláss sem þegar eru til staðar í leikskólum sem og nýju leikskólaplássin í Urriðabóli og Urriðaholtsskóla.

Stærstur hluti plássna sem verið er að úthluta í apríl og maí eru þau pláss sem verða til staðar þegar elsti árgangur leikskólans útskrifast.

Biðlisti umsókna um leikskólavist er síkvikur og biðlisti getur breyst dag frá degi. Börn eru tekin inn samkvæmt kennitölum.

Biðlistagreiðslur

Við minnum einnig foreldra á biðlistagreiðslur sem Garðabær býður upp á ef barnið er á biðlista eftir leikskólaplássi og hefur náð 12 mánaða aldri.

Nánari upplýsingar um það eru hér: <https://www.gardabaer.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/leikskolar/bidlistagreidslur/>

Nýr leikskóli við Holtsveg – Urriðaból

Nýtt leikskólahúsnæði við Holtsveg verður tekið í notkun í mars, Heilsuleikskólinn Urriðaból sem er áætlaður fyrir 120 börn. Skólinn við Holtsveg og leikskólinn Urriðaból við Kaupþún verða reknir sem einn leikskóli með tvær starfsstöðvar.

Starfsstöðin við Holtsveg er með sex deildir og bætist við þær sex deildir sem eru starfræktar við Kaupþún. Leikskólinn Urriðaból er aldursblandaður fyrir 1-5 ára börn. Vel hefur gengið að manna Urriðaból og fyrstu deildirnar verða teknar í gagnið þann 1. mars. Eftir því sem starfsfólki fjölgar verða fleiri deildir opnaðar á vormánuðum.

Að lokum

Það er von okkar að leikskólaumhverfi Garðabæjar verði enn öflugra með breyttum áherslum í starfsumhverfi skólanna.

Það er mikilvægt að yfirfara umsóknir í Völunni þannig að unnið verði með sem réttastar upplýsingar við úthlutun leikskólaplássna.

Einnig er mikilvægt að foreldrar og forráðafólk barna sem ekki hafa lögheimili og fasta búsetu í Garðabæ afskrái umsóknina hjá okkur svo biðlistinn endurspeglir réttar tölur.

Með kærri kveðju,

Guðbjörg Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs
Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi

Opið hús í leikskólanum Urriðabóli við Holtsveg

Í tilefni af opnun nýju starfsstöðvarinnar verður opið hús laugardaginn 2. mars frá klukkan 11:00 – 13:00 við Holtsveg. Öll velkomin í heimsókn, en leikskólalóðin er sérstaklega skemmtilegt leiksvæði sem er opið utan opnunartíma leikskólans.